

## Ágætu þingfulltrúar og gestir, verið velkomin á níunda þing Samiðnar.

Sérstaklega býð ég velkomna færeyska samherja okkar, og sömuleiðis býð ég Drífu Snædal, forseta Alþýðusambandsins Íslands, og aðra gesti velkomna til þings.

Dagskráin í dag og á morgun er auðvitað hefðbundin að miklu leyti en við gefum okkur líka góðan tíma til að ræða um fjórðu iðnbyltinguna undir sérstökum dagskrárlið og um loftslagsmálin sömuleiðis enda liggur okkur margt á hjarta í þeim málaflokkum báðum.

Þinghaldið er að þessu sinni við þær sérstöku aðstæður að kjarasamningum er nýlokið og stéttarfélögin kynna félagsmönnum sínum einmitt niðurstöðurnar þessa dagana.

Við náðum merkilegum áfanga og ég segi hiklaust að samningsákvæðin um styttingu vinnuvikunnar marka tímamót. Þannig nálgumst við nú að þessu leyti hið norræna vinnumarkaðsmódel, umhverfi þar sem áhersla er lögð á að dagvinnulaunin skili launamanninum lífvænlegum tekjum.

Við höfum vanist því að meta störf eftir því hvort mikil yfirvinna sé í boði frekar en að spá endilega mikið í hverju dagvinnan skilar eða skilar ekki. Hugmyndafræði nýja samningsins okkar er hins vegar sú að horfa nú á dagvinnuna og hverju hún skilar með 36 tíma vinnuviku.

Nú er kveðið á um sérstakt álag á hluta yfirvinnu, „refsiálagið“ sem við köllum svo. Næstu skref í kjarasamningum ættu að mínu mati að vera í þá átt að ganga enn lengra og gera yfirvinnuna enn dýrari, einmitt til þess að stuðla að því vinnuvikan verði eins og til var

stofnað við samningaborðið og dagvinnulaunin skili því sem til er ætlast.

Þá er þess að geta að stjórnvöld greiddu auðvitað fyrir þeim kjarasamningum sem komnir eru í höfn á vinnumarkaðnum með fyrirheitum af margvíslegu tagi. Fyrirheit og loforð eru eitt, efndir eru annað. Það veltur auðvitað margt á því að stjórnvöld efni fyrirheit sín og það fyrr en síðar. Orð skulu standa.

Við munum gera okkar til að halda stjórnvöldum við efnið. Eftir því var tekið í samfélaginu hve samheldni og samstaða iðnaðarmanna var mikil og sterk í kjarasamningunum og málflutningur forystumanna þeirra rökfastur og traustur.

Aukin samvinna og samstaða þessa hóps er reyndar orðin ápreifanleg í daglegu starfi. Einmitt þessa dagana eru Samiðnaðarfélögin og fagfélögin á höfuðborgarsvæðinu að koma sér fyrir í sameiginlegum húsakynnum að Stórhöfða 31. Þar voru fyrir Rafiðnaðarsambandið, Matvís og Grafía. Í næstu húsum við sömu götu eru fleiri félög iðnaðarmanna, Rafmennt og Rafiðnaðarskólinn.

Þarna er því að verða til eins konar klasi iðngreina af flestu tagi. Sambýlið skapar í sjálfu sér nýja og spennandi möguleika á mörgum sviðum sem tengjast bæði iðninni sem slíkri, félagsmálum og kjaramálum. Það hefur margsýnt sig að nánd af þessu tagi getur skapað sóknarfæri sem menn höfðu ekki komið auga á áður.

Höldum því svo til haga líka að áður hafa stærstu lífeyrissjóðir iðnaðarmanna sameinast þegar Birta lífeyrissjóður tók formlega til starfa í desember 2017. Eftir því var tekið hve fljótt, greiðlega og áreynslulítið sameiningin gekk fyrir sig og hagkvæmni sameiningarinnar blasir til dæmis við í tölum um rekstrarkostnað sjóðsins 2018 sem kynntar voru á dögnum á ársfundi Birtu.

## Góðir félagar.

Það hendir okkur gjarnan að horfa frá býsna þröngu sjónarhorni á starfsemi stéttarféлага og verkalýðsbaráttu nútímans. Kjarabarátta varðar mun fleiri þætti en kauptaxta, aðbúnað á vinnustöðum og annað sem talist geta hefðbundin mál við samningaborð. Við höfum reyndar farið upp úr þessum hjólförum sjálf með því að leggja mikla áherslu á raunverulega styttingu vinnutímans, eins og ég lýsti áðan.

Á dögnum hlýddi ég á ávarp Stefans Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar, á fundi *Industry Norden*, sem eru norræn samtök fagfélaga í iðngreinum. Löven var þarna á heimavelli sem fyrrverandi formaður sænskra málmiðnaðarmanna og formaður stjórnar *Industry Norden* þar sem við stáum saman í mörg ár en það er önnur saga.

Stefan Löfven lagði í máli sínu áherslu á að verkalýðshreyfingin kæmi að sem flestum málum sem vörðuðu velferð í samfélaginu í víðum skilningi en léti ekki duga að semja um kaup og kjör. Hann nefndi menntun, endurmenntun, endurhæfingu og margt fleira og tengdi þetta einmitt dagskrárefninu okkar eftir hádegi, fjórðu iðnbyltingunni. Verkalýðshreyfingin ætti að taka þátt í að efla velferðarkerfið og stuðla að því að fólk verði virkir þátttakendur í tæknisamfélaginu en ekki utanveltu. Hann vék líka að skólaskyldunni og þörfinni fyrir að framhaldsmenntun fylgdi tæknibreytingum í samfélaginu.

Klár samhljómur er í boðskap þessa sænska samherja okkar og í málflutningi okkar hér. Ég nefni að í stjórnarfrumvarpi til laga er gert ráð fyrir að jafngilda iðnnám og stúdentspróf. Frumvarpið er fagnaðarefni enda baráttumál okkar lengi. Auðvitað verður með öllum ráðum að skapa iðnnámi þá ímynd að það verði ekki áfram í lægra sessi en bóknám í hugum ungmenna og foreldra þeirra sem líta í kringum sig í menntakerfinu að grunnnámi loknu. Ég nefni foreldrana hér líka til sögunnar, ábyrgð þeirra er mikil og áhrif oft ótvíræð á námsval unga fólksins.

Ýmislegt áhugavert og ánægjulegt hefur samt gerst og ég nefni sem dæmi að margar stúlkur stunda nú nám í bílgreinum og hafa gert á allra síðustu árum. Það er afar jákvætt í baráttu fyrir jafnrétti kynja og launajafnrétti sérstaklega.

Betur má samt ef duga skal hjá stjórnvöldum landsins á menntasviðinu. Fagnám á háskólastigi er ekki til hérlendis en ég vonast til að fyrr en síðar komi að því að fagháskóli verði settur á laggir. Það er ekki æskilegt skref heldur beinlínis nauðsynlegt.

### **Ágætu félagar.**

Samiðn og aðildarfélögin eru fremst í flokki í baráttu gegn undirboðum á vinnumarkaði og kennitöluflakki með tilheyrandi subbuskap og óreiðu. Við köllum eftir ráðstöfunum, eftirliti og eftirfylgni til að uppræta ósómann en meinsemdin fær því miður að þrífast.

Starfsmannaleigur spretta upp eins og gorkúlur á haug. Þær flytja inn erlent verkafólk, borga því laun sem eru langt undir því sem íslenskir kjarasamningar kveða á um og hirða jafnvel af því stórfé fyrir að búa í húsnæði sem hvergi stenst kröfur um húsaskjól, hvorki fyrir fólk né fénað.

Kennitöluflakkarar leika lausum hala og skilja eftir sig skuldir og ógreidd laun í einu félagi en stofna bara til nýs rekstrar á nýrri kennitölu til að halda leiknum áfram.

Kennitöluflakk, svört atvinnustarfsemi og gerviverktaka ógna heilbrigðri atvinnustarfsemi. Við köllum stöðugt eftir því að stjórnvöld beiti sér af afli gegn slíkri svikastarfsemi en þau sýna málinu því miður undarlegt tómlæti.

Við höfum sjálf varðað veginn með því að sýna að vinnustaðaeftirlit skilar árangri en meira þarf til. Okkur skortir ekki nefndir eða ráð til að ræða vandann, við þurfum miklu frekar refsíákvæði í iðnaðarmannalögin til að beita gegn skaðvöldunum. Ástandið kallar á viðbrögð sem ekki verða misskilin.

Ég freistast á ný til að vitna í sænska forsætisráðherrann, Stefan Löfven, á fundinum í Stokkhólmi á dögunum. Hann fjallaði meðal annars um kosningarnar til Evrópupingsins í vor og um innri markaðinn sem Ísland er hluti af á Evrópska efnahagssvæðinu.

Löfven sagði efnislega: „Innri markaður með reglum er nauðsynlegur en við höfum ekkert að gera með innri markað þar sem hópum launafólks er att saman og traðkað á réttindum þess.“

Undir þetta tek ég heils hugar.

### **Góðir félagar.**

Það breytist margt í umhverfi okkar og breytist hratt. Hvernig verður umhorfs á vinnumarkaði hér eftir fáeina áratugi, jafnvel eftir fáein ár? Ég ætla ekki að gerast spámaður og hef enda ekki forsendur til þess.

Ég nefni bara af handahófi að í stærstu uppsjávarfyrirtækjum sjávarútvegsins störfuðu hundruð manna við framleiðslu fyrir tiltölulega fáum árum en nokkrir tugir nú í nýjum, vélvæddum sölum þar sem mannshöndin kemur varla nálægt nokkrum hlut nema til að tryggja að sjálfvirka vinnslan gangi snurðulaust fyrir sig.

Í Hagkaup, Bónus og Kringlunni eru nú orðið tveir eða þrír kassar mannaðir á álagstímum en viðskiptavinir hópast að sjálfsafgreiðsluvélum þar sem mæðuleg rödd minnir mann stöðugt á

að gera þetta en ekki hitt og gleyma svo hvorki vörum né kassakvittun fyrir brottför.

Fólki fækkar, vélum fjölgar, afköst aukast, framleiðni eykst.

Hver hagnast og hver tapar við þessa breytingar? Er það í lagi að atvinnurekendurnir einir sitji að verðmætum sem sannlega verða til þegar fólk snarfækkar í starfseminni en framleiðnin eykst á sama tíma?

Eigum við ekki að ræða þann möguleika að skattleggja bæði færiföndin í uppsjávarvinnslu sjávarútvegsfyrirtækjanna og röddina í Hagkaup?

Stóra spurningin er hvernig á að koma því til leiðar að afrakstur tæknibreytinga skili sér til samfélagsins. Þá hlýtur að koma til álita að skattleggja tæknina á einhvern hátt.

Hvernig líta verkalýðsfélög framtíðarinnar út og hver verða viðfangsefnin? Verða þau kannski líka hjáróma rödd úr boxi líkt og í Hagkaup - sem vel að merkja er sama rödd og heyrst líka í Krónunni og Bónus? Stenst það samkeppnislög að sama mjóa röddin þjóni öllum verslunarkeðjum landsins?

Góðir félagar, öllu gríni fylgir nokkur alvara. Ég er hér einungis að hita upp fyrir umræður síðar í dag um fjórðu iðnbyltinguna, eðli hennar og afleiðingar. Fimmta iðnbyltingin hlýtur að vera handan við hornið með enn meiri breytingum sem við sjáum fæstar fyrir.

## **Félagar**

Loftslags- og umhverfismál verða umræðuefnið okkar á morgun, málaflokkur sem alls staðar er orðinn fastur dagskrárliður á fundum, ráðstefnum og samkomum. Staðan er ískyggileg og framtíðarhorfurnar enn verri að óbreyttu. Enginn kemst lengur upp

með að líta ekki í eigin barm og taka sér tak, hvort heldur er opinbert stjórnvald, fyrirtæki eða almenningur.

Í drögum að ályktun þessa þings er kallað eftir „þjóðarsátt um raunhæfar aðgerðir til að tryggja búsvæði og vistkerfi, sjálfbærni náttúruauðlinda og endurheimt fyrri gæða vistkerfa.“

Verkalýðshreyfingin **verður** að tileinka sér markvissa og ákveðna umhverfisstefnu og beita sér til dæmis fyrir að öryggistrúnaðarmenn sinni líka umhverfismálum og verði formlega **umhverfis- og öryggistrúnaðarmenn**, líkt og við leggjum til í ályktunardrögum.

Mér liggur við að segja að það sé ekki nóg að fyrirtæki og stofnanir setji sér umhverfisstefnu, fjölskyldur landsins ættu að gera það líka. Hver og einn ætti að meta hvernig breyta má lífsháttum í þágu umhverfisins á heimilum og í daglegu lífi.

### **Ágætu þingfulltrúar og gestir**

Við lifum á áhugaverðum tímum, það eru mörg krefjandi verkefni framundan þar sem verklýðshreyfingin verður að gera sig gildandi. Með því gera fjórðu iðnbyltinguna og umhverfismálin að aðal dagskráliðum þessa þings erum við að senda skýr skilaboð um að við erum tilbúin.

Ég vona að við eigum framundan áhugavert samtal næstu tvo daga og þingið verði starfssamt.

### **Ég segi níunda þing Samiðnar sett**

